

Reykjavík 13.03.2016

Berist til stjórnar HRFI

Efni: Fulltrúi HRFI á veiðiprófum félagsins

Af gefnu tilefni vill stjórn Vorstehdeildar HRFI vekja athygli á reglum fulltrúa HRFI á veiðiprófum félagsins.

Núverandi reglur leyfa eingöngu að dómaramenntaðir aðilar geta einir verið fulltrúar HRFI á veiðiprófum félagsins.

Finnst stjórn Vorstehdeildar það gott og gilt ákvæði en leggur samt til að hægt sé að gera undanþágu undan þeirri reglu ef á þyrfti að halda.

Rökstuðningur stjórnar Vorstehdeildar er sá að tvisvar hefur komið upp á í prófum deildarinnar að sá aðili sem hafði tekið að sér að vera fulltrúi HRFI á prófum deildarinnar sagði sig frá embættinu á síðustu stundu.

Þegar það gerist með svo stuttum fyrirvara er í raun og veru búið að taka próf deildanna í gíslingu. Í annað skiptið fékkst annar fulltrúi á síðustu stundu og prófinu var bjargað. Í hitt skiptið tók sá sem upphaflega ætlaði að taka að sér embættið það aftur að sér eftir nokkrar viðræður við hann.

Einnig stendur í reglum að fulltrúi HRFI skuli vera á staðnum allan tímann meðan próf fer fram. Fordæmi eru samt fyrir því að fulltrúi HRFI hafi ekki verið á staðnum eins og kveður á um í reglum þegar próf eru haldin á vegum HRFI.

Stjórn Vorstehdeildar fer því þess að leit við stjórn HRFI að þegar við á verði hægt að veita undanþágu frá þeim reglum að eingöngu dómaramenntaður einstaklingur geti verið fulltrúi HRFI. Hægt yrði til dæmis að veita reyndum prófstjórum leyfi til að vera fulltrúi HRFI ef sú staða kæmi upp.

Einnig væri hægt að þýða reglumuninn á íslensku og norsku reglum þar sem hann er óverulegur. Þá gætu þeir erlendu dómara sem hingað koma kynnt sér með góðum fyrirvara þann mun. Þeim yrði einfaldlega sendur tölvupóstur með góðum fyrirvara áður en þeir koma hingað upp til að dæma. Þá hefðu þeir góðan tíma til að kynna sér muninn á reglum og telur stjórn Vorstehdeildar það til hagsbóta í alla staði. Þá þyrftu íslensku dómara ekki að hitta þá við komuna til að fara yfir reglumuninn á stuttum fundi. Þvert á móti hefðu þeir haft góðan tíma til þess eins og áður sagði áður en þeir koma til landsins og ættu þeir því einnig að geta verið fulltrúar HRFI á prófum þar sem þeir starfa í félagi sem hefur fulla aðild að FCI eins og íslensku dómara.

Væri jafnvel spurning um að haldið yrði sérnámskeið í nánustu framtíð fyrir verðandi fulltrúa HRFI ef það rúmast innan reglna og laga félagsins?

Fyrir hönd Vorstehdeildar

Birgir Örn Arnarson formaður

Sigríður Oddný Hrólfsdóttir vara formaður

Hlynur Þór Haraldsson ritari

Guðmundur Pétursson gjaldkeri

Eydís Gréta Guðbrandsdóttir gagnavörður